

Bækur lesnar/sögur sagðar.

Daglegur lestur fyrir öll börn, ýmist í smærri eða stærri hópum. Loðtöflusögur, leikbrúður í frásögn og brúðuleikhúsi, hljóðbækur og sögupokar þar sem sögur eru sagðar með fylgihlutum. Stytttri sögur og framhaldssögur allt eftir aldri og stundum unnið frekar með textann svo úr verði jafnvel þemaverkefni. Börnin eru hvött til að koma með bækur að heiman til að lesa.

Bækur aðgengilegar.

Bókasafn er í leikskólanum og staðsett í Einbúa. Bækur á deildum eru hafðar í þeirri hæð sem börnin ná til þeirra og reglulega er farið í bókasafnið og bókum skipt út. Eitthvað er einnig til af söngleikjum og hljóðbókum á cd-diskum sem börnin hlusta á. Á Vík ná börnin ekki í bækurnar en sjá þær og biðja um.

Orð og hugtök í bókum útskýrð.

Í bókum koma iðulega fyrir orð og hugtök sem börnin þekkja ekki og mikilvægt að staldrað sé við annað slagið og orðin skoðuð og útskýrð.

Orð sett á alla hluti.

Hvar sem er, í fataklefanum, við matarborðið eða í daglegu starfi er mikilvægt að tala við börnin og erum við dugleg að nefna hluti réttum nöfnum og reynum að hafa málið sem ríkast. Orð eru lögð á athafnir og atburði í daglegum samskiptum, hvort heldur sem er inni í húsi, á útisvæði leikskólans eða í vettvangsferðum. Börnin eru þannig hvött til að æfa sig í því að lesa í aðstæður, taka eftir ýmsum kennileitum og hafa orð yfir hlutina.

Virk hlustun – opnar spurningar.

Með virkri hlustun þar sem hinn fullorðni endurtekur það sem barnið var að segja skilur barnið að á það hafi verið hlustað og það skilið, og einnig heyrir þá barnið orðin sögð á réttan hátt. Inn í setningarnar er þá gjarnan bætt sögnum og lýsingarorðum til að auka orðaforða barnsins og skilning. Þegar spurt er opinna spurninga er ekki auðvelt að svara með já eða nei heldur hvetur það börnin til að svara með setningum. Spurning eins og „hvað er að gerast á þessari mynd?“ krefst fleiri orða í svari en „hvað varstu að teikna?“ þar sem svarið gæti verið eitt orð, eða „varstu að teikna bíl?“ sem er annað hvort já eða nei.

Lubbi finnur málbein - Hljóðasmiðja Lubba.

Vorið 2016 tókum við í notkun námsefnið „Lubbi finnur málbein“ og „Hljóðasmiðja Lubba“, sem byggir á vinnu með íslensku máhljóðin. Efnið er eftir talmeinafræðingana Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og Þóru Másdóttur en Þórarinn Eldjárn hefur gert söngtexta við hvert máhljóð við þekkt lög. Á öllum deildum er unnið með námsefnið bæði í hópastarfi og daglegu lífi. Sett er upp skipulag fyrir skólaárið þar sem máhljóðunum er skipt niður á vikurnar og áhersla lögð á viðkomandi hljóð þær vikur. Vísurnar eru sungnar og sögutextinn lesinn og ýmiskonar verkefni unnin út frá því. Kennslan fer stigvaxandi eftir aldri barnanna.

Tákn með tali.

Á öllum deildum leikskólans er lögð áhersla á tákn með tali (tmt). Tákn með tali er tjáskiptaaðferð sem notuð er til málörvunar og tjáskipta fyrir heyrandi fólk og byggist á samblandi af táknum og tali. Reynslan hefur sýnt að tmt ýti undir og örvi málþroska hjá öllum börnum. Tákn með tali hefur einnig verið notað með tvítyngdum börnum með góðum árangri. Táknin í Lubba-efninu byggja á tmt. Táknin gefa börnunum möguleika til tjáskipta, oft löngu áður en þau læra að tala. Táknin eru mest notuð í sönglögum og þulum, en einnig í matartímum þar sem hver matartegund á sér tákn og ýmsum daglegum athöfnum allt eftir þroska og þörfum hvers og eins. Sjá nánar um táknin á tmt.is.

Tónlist, sönglög og þulur.

Daglega eru söngstundir á deildum og tvisvar í viku hittast allir í salnum og syngja saman. Við lærum alls konar vísur og þulur, Lubbavísur, bullvísur, vísur um stafina, talningu, fingurna, litina, bæði eldri og nýrri barnavísur í bland við nýja og gamla slagara. Sönglögin eru oft árstíðarbundin. Börnin eru hvött til að syngja fyrir hvort annað, bæði ein og í smærri hópum og æfast í því að hlusta á hina. Við eigum hljóðnema sem stundum er sungið í. Sungið er með táknum (tmt) og atkvæði klöppuð. Einnig er unnið með einfalda hljóðgjafa og hlustun til að auka hæfni barnanna til að hlusta, greina hljóð o.fl. Sönglög og þulur eru oftast en ekki kveikja að frekari sköpun og þemaverkefnum. Tveir gítarar eru til í leikskólanum sem nýtast vel í söngstundum. Danskennsla er á hverju hausti fyrir tvo elstu árganga leikskólans.

Samverustundir.

Ýmsar samverustundir í smærri sem stærri hópum eru af og til yfir daginn. Þar er ýmist lesið, sagðar loðtöflusögur, farið í málörvandi leiki, sungið, farið með þulur og börnin hvött til að tjá sig og að hlusta á aðra.

Umræður og spjall.

Miklar umræður og spjall á sér stað allan daginn í leikskólanum. Við matarborðið verða oft góðar umræður, á skiptiborðinu og í hópastarfinu er skipst á skoðunum og hugmyndir ræddar. Í fataklefanum gefast mörg tækifæri til að spjalla um leið og við æfum okkur í að klæða okkur sjálf.

Frásagnir.

Börnin eru hvött til að segja frá því sem skiptir þau máli. Við upphaf leikskólagöngu á Vík er útbúið myndaspjald með myndum af fjölskyldumeðlimum barnanna sem fylgir þeim í gegnum leikskólann. Spjaldið gefur tilefni til mikilla umræðna og frásagna hjá börnunum. Einnig gefa skráningar að heiman góð tækifæri til að æfa sig í því að segja frá. Unnið er með stuttar frásagnir og spurðar spurningar út frá þeim.

Myndsköpun út frá upplifunum eða reynslu.

Hluti af myndsköpun í leikskólanum eru teikningar og málun eftir þeirri upplifun sem börnin verða fyrir t.a.m. eftir vettvangsferðir, lestur á bókum, hlustun á tónlist eða öðrum kveikjum úr daglegu umhverfi. Einnig eru settir niður textar, hugmyndir og frásagnir frá börnunum og unnið með það frekar í myndverkum og þemastarfi.

Skipulagðir málörvunartímar.

Á Nesi og Ási eru öll börn í skipulagðri málörvun innan hópa sinna. Dagarnir, mánuðir, talning, litir, andstæður, eintala-fleirtala, rím og ýmis hugtök eru þættir sem þá er farið í allt eftir aldri og þroska hvers og eins. Leikir, spil, þulur og sönglög er aðal kennsluefnið. Einnig er í þessum tímum með eldri börnunum farið í æfingar og leiki sem styrkja hljóðkerfisvitund barnanna.

Æfingar og leikir til að styrkja hljóðkerfisvitund barnanna.

Hugur og fluga (spil þar sem unnið er með rím, samstöfur, samsett orð, hljóðtengingu og hljóðgreiningu) er aðallega notað á Ási. Elstu nemendur leikskólans vinna verkefni úr bókinni Ljáðu mér eyra-undirbúningur fyrir lestur, eftir Ásthildi Bj. Snorradóttur og Valdísi B. Guðjónsdóttur talmeinafræðinga. Þar er unnið með rím og hlustun en einnig sundurgreiningu setninga í orð og svo aftur orð í atkvæði ásamt því að hlusta eftir hljóðum í orðum o.fl. Ljáðu mér eyra er einnig til í formi spila. Ýmis verkefni í „Lubbi finnur málbein“ eru einnig unnin, aðallega á Ási en allar deildir vinna með máhljóðin og táknið.

Læsishvetjandi leikir fyrir spjaldtölvur.

Leikskólinn á fjórar ípad spjaldtölvur og í þeim eru leikir sem hvetja til þess að segja sögur og búa til teiknimyndasögur, leikir með íslensku máhljóðunum, bókstöfum og tölustöfum s.s. Lærum og leikum með hljóðin, Orðagull, Georg og félagar, Georg og leikirnir, Puppets Pals o.fl.

Ritmál sýnilegt og gott aðgengi að ritföngum og pappír.

Hlutir eru víða merktir og nöfn allra sýnileg í fatahólfum, á skúffum, möppum barnanna, á stólum á yngri deildum og víðar um deildirnar. Eldri börnin hafa spjöld til að herma eftir meðan að þau æfa sig að skrifa nafnið sitt. Við æfum rétt blýantsgrip sérstaklega á Ási og á eldri deildum er aðgengi gott að blöðum, blýöntum og litum. Myndverk barnanna eru merkt þeim.

Stafir og tölustafir uppi á vegg.

Á öllum deildum eru Lubba-spjöld sýnileg þar sem hver bókstafur og máhljóð er táknað. Einnig eru önnur spjöld með stöfum, orðum og myndum sýnileg víða sem og tölustafir með Numicon táknum.

Sjónrænt skipulag.

Á öllum deildum er skipulag að einhverju leyti sjónrænt þó er mest áhersla lögð á það á Vík með yngstu börnunum og þeim sem það þurfa vegna ýmissa sértækra úrræða.

Möppur barnanna – skráningar.

Hvert barn fær við upphaf leikskólagöngu sinnar ferilmöppu þar sem skráð eru í máli og myndum verkefni og hugmyndir barnanna. Einnig er sýnishornum af teikningum barnanna og málverkum safnað þar svo unnt sé að fylgjast með þróuninni. Skráningar sem börnin koma með að heiman s.s. sumarleyfisskráning og jólaskráningar eru lesnar upp með barninu fyrir hópinn og því gefst tækifæri til að segja frá og hin börnin að spyrja spurninga.

Skólastundir elstu nemendanna - samstarf við Grunnskólann í Stykkishólmi.

Elstu börn leikskólans vinna að sérverkefnum í svokölluðum skólastundum einu sinni í viku, innan hópastarfsins. Náið samstarf er á milli kennara elstu barnanna í leikskólanum og 1. bekkjar grunnskólans til þess að sem mest samfella náist í nám þeirra. Markmið með skólastundarverkefnum er m.a. að brúa bilið á milli skólastiganna og aðlaga börnin auknum kröfum í skólakerfinu, lengja úthald þeirra og einbeitingu. Einnig að efla málvitund barnanna, auka orðaforða og málskilning, stærðfræðipekkingu og talnaskilning.

Í skólastundum vinna börnin með sérvalin verkefni sem byggja mikið á leik, vinnu með form, tölur, talningu, ýmiskonar greiningu og flokkun, og eru til þess ætluð að þjálfa undirstöðupætti bæði lestrar- og stærðfræðináms sem og nauðsynlega færniþætti. Þau læra að skrifa og þekkja nafnið sitt, æfa sig í að gera grein fyrir sér fyrir framan hópinn, tjá sig og hlusta á hina og fara eftir fyrir mælum. Þá er lögð áhersla á að börnin temji sér rétt blýantsgrip og átti sig á réttri lestrarátt frá vinstri til hægri.

Markvisst er unnið að því að aðlaga börnin að flutningnum á næsta skólastig. Í haustbyrjun fara þau í heimsókn í grunnskólann, ásamt kennurum sínum, þar sem skólastjóri tekur á móti þeim og kynnir fyrir þeim starfseminu. Þau fara tvisvar yfir veturinn í „skiptinemaheimsóknir“ í 1. bekk í litlum hópum, en hópur 1. bekkinga dvelur þá í leikskólanum á meðan. Vorskóli er í samstarfi við grunnskólann í maí þar sem börnin fá að kynnast þeim aðstæðum og kennurum sem koma til með að mæta þeim við færsluna yfir á næsta skólastig. Formleg útskrift er svo að vori þar sem börnin setja upp og bjóða fjölskyldum sínum á skuggaleikhússýningu, með söng, hreyfingum og hljóðfæraleik byggða á sönglögum sem æfð hafa verið um veturinn.

Heimsóknir á Amtsbókasafnið í Stykkishólmi.

Annað slagið fara hópar nemenda úr leikskólanum í heimsókn á Amtsbókasafnið og einnig fáum við lánaðar bækur þaðan til að auka bókaúrvalið.

Heimsóknir í Tónlistarskólann – tónleikar í leikskólanum.

Elstu nemendur leikskólans fara í heimsókn í tónlistarskólann og fá þar að kynnast hinum ýmsu hljóðfærum og skoða húsakynnin en hljóðfæranám og læsi eiga margt sameiginlegt og styðja hvort við annað. Einnig kemur Litla lúðró reglulega í leikskólann ásamt fleiri hljóðfæranemendum og halda litla tónleika í salnum okkar.

Tvítýngd börn.

Tvítýngd eða fjöltyngd börn eru þau börn sem búa við eitt eða fleiri tungumál dags daglega. Foreldrar eru hvattir til að nota sitt móðurmál til að gera börnum sínum íslenskuna auðveldari. Ef barn lærir sitt móðurmál vel kemur skilningurinn og auðveldara er að setja íslensku orðin ofan á þann grunn. Tvítýngd börn fá yfirleitt sérstaka málörvunartíma. Möppur með myndum og táknum eru útbúnar til að auðvelda bæði þeim og foreldrum þeirra að læra orðin. Sérstaklega er mikilvægt í vinnu með tvítýngdum börnum að setja orð á alla hluti, nota virka hlustun og spyrja opinna spurninga. Tákn með tali, Lubbi finnur málbein og Hljóðasmiðja Lubba henta tvítýngdum börnum líka vel.

Samskiptabækur.

Samskiptabækur sem fara á milli heimilis og leikskóla eru notaðar þegar þörf þykir á. Bækurnar eru m.a. nýttar við málörvun, foreldrar eru þá betur upplýstir um starfið í leikskólanum og starfsfólk veit hvernig gengur heima sem skapar grundvöll fyrir umræður og frásagnir hjá barninu.

Sérkennsla.

Sérkennsla er skipulögð eftir greiningum og ábendingum frá talmeinafræðingi og sálfræðingi hverju sinni. Einnig er hugað sérstaklega að málörvun tví- og fjöltyngdra barna.

Snemmtæk íhlutun – sérfræðiþjónusta.

Vel er fylgst með hvort um frávik í málþroska er að ræða hjá börnunum, við því brugðist með málörvandi verkefnum og fylgst með því hvort framfarir verði. Ef um seinkaðan málþroska er að ræða er leitað aðstoðar sérfræðinga. Hið sama á við ef kennarar og foreldrar hafa áhyggjur af öðrum þroska barnanna. Bæði talmeinafræðingur og sálfræðingur á vegum Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga koma reglulega í leikskólann með greiningu og ráðgjöf.

Íslenski þroskalistinn – Íslenski smábarnalistinn.

Íslenski þroskalistinn sem gefinn er út á vegum Rannsóknarstofnunar uppeldis- og menntamála er nýttur við skimun ef þurfa þykir. Höfundar hans eru sálfræðingarnir Sigurður Grétarsson og Einar Guðmundsson. Íslenski þroskalistinn er tæki til að mæla þroska 3ja til 6 ára barna á mál- og hreyfisviði. Foreldrar svara 208 staðhæfingum um þroska barnsins og niðurstöður byggja á þeim svörum. Listinn er íslenskur og **staðlaður** fyrir íslenskar aðstæður.

Fundin er ein þroskatala (DQ) auk mælitölu, annars vegar fyrir hreyfisvið og hins vegar fyrir málsvið. Hreyfisvið nær yfir fínhreyfingar, grófhreyfingar og sjálfsbjörg. Málsvið er hlustun, tal og nám. Listann má nýta til að meta þroska einstaka barns sem og til að meta þroska barna í heilum árgangi. Íslenski smábarnalistinn er frumsaminn og staðlaður þroskalisti til að meta málþroska, hreyfiþroska og sjálfsbjörg ungbarna á aldrinum 15 til 38 mánaða. Hann er sjálfstætt framhald af Íslenska þroskalistanum og höfundar þeir sömu. Einungis fagfólki leikskóla, með tilskilin réttindi, er heimilt að leggja prófin fyrir.

EFI-2

EFI-2 málþroskaskimun er tæki fyrir leikskólakennara og sérkennara leikskóla til að meta málþroska barna á fjórða ári. Barn og kennari eiga rólega stund og skoða saman myndabók. Svör barnsins gefa vísbendingu um hvar það er statt í málþroskaferlinu. Þessi skimun kannar málskilning og tjáningarfærni barnsins og tilgangurinn er að finna þau börn sem þurfa á stuðningi að halda. EFI-2 er eftir Elmar Þórðarson, Friðrik Rúnar Guðmundsson og Ingibjörgu Símonardóttir en þau eru öll talmeinafræðingar. Réttindanámskeið gefur leyfi til fyriragnar skimunarinnar.

Hljóm-2.

Á haustin er HLJÓM-2 lagt fyrir elstu börnin, en það er íslenskt aldursbundið próftæki (skimun) í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund (hljóð- og málvitund) elstu barnanna í leikskólanum og er eftir Ingibjörgu Símonardóttur, talmeinafræðing, Jóhönnu Einarsdóttur, talmeinafræðing og Dr. Amalíu Björnsdóttur, dósent. HLJÓM-2 er byggt á rannsóknum sem stóðu yfir í 5 ár og benda niðurstöður til að strax í leikskóla fáist vísbendingar um hvernig lestrarnám muni ganga. HLJÓM-2 byggist á sjö mismunandi verkefnum sem lögð eru fyrir elsta árgang barna í leikskólum að hausti. Einungis fagfólki leikskóla, með tilskilin réttindi, er heimilt að leggja prófið fyrir. Niðurstöðurnar eru marktækar vísbendingar um hvaða börn eru í áhættu fyrir síðari lestrarörðugleika og mikilvægar til þess að hægt sé að vinna markvisst með þá þætti sem hugsanlega liggja ekki vel fyrir börnunum, þennan síðasta vetur þeirra í leikskólanum. Þættirnir (leikirnir) sem lagðir eru fyrir tengjast: Rími, samstöfum, hljóðgreiningu, samsettum orðum, margræðum orðum, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu. Fyrirlögnin tekur u.þ.b. 20-30 mínútur, með hvert barn.

Mars 2017